

2
0
1
7




Flugmódelárid



Slappað af eftir góðan dag



Stórglæsilegur Staggerwing smíðaður af Birgi Sigurðssyni og ekki skemmir hljóðið í stjórnunumótornum fyrir!



Við kynntumst því allra heitasta í viðhaldsgræjum frá útlöndum...



Augnablikið



Gunnar í flugtaksstöðu á braut 18!

Forsíðumyndin

Steve Holland og Sharon Stiles heimsóttu okkar í sumar og tóku þátt í nokkrum flugkomum með okkur, bæði norðan heiða og sunnan.

Myndin var tekin síðast þegar þau komu í heimsókn til okkar, sumarið 2012, og sýnir Steve fljúga OV-10 Bronco af sinni alkunnu snilld á Melgerðismelum.

Snið myndarinnar hentar fullkomnlega á forsíðuna og þar sem erlenda flugmódelpressan hefur ekki notfært sér hana enn, þá notum við tækifærið og heimsfrumsýnum hana.



ÚTGEFANDI
Frettavefur.net

RITSTJÓRI
Sverrir Gunnlaugsson

LJÓSMYNDIR
Sverrir Gunnlaugsson
nema annars sé getið



Hafðu samband

FRETTAVEFUR.NET
Klukkuvöllum 10
221 Hafnarfirði

NETFANG
ritstjori@frettavefur.net

Fréttavefur.net © 2017
Allur réttur áskilinn.
Prentað í Evrópu.

ISSN 2298-8203

RITSTJÓRARAUS



Fréttavefurinn birtist fyrst á internetinu árið 1999 og 2004 var svo opnað fyrir spjallborð flugmódelmanna.

Vefurinn fagnaði því 15 ára afmæli sínu og 10 ára afmæli spjallsins árið 2014. Vonandi náum við að fagna aldarfjórðungsfarmæli eftir sjö ár í viðbót!

Líttu endilega við á <http://frettavefur.net> og fylgstu með því helsta sem er að gerast í sportinu bæði hér heima og erlendis.



Pá hefur þriðja tölublaðið af tímariti Fréttavefsins litið dagsins ljós en eftir frábærar viðtökur við fyrstu tveimur tölublöðunum þá var ekkert annað í stöðunni en að halda þessu áfram!

Fyrri hluta sumars viðraði ekki vel á flugmódelmenn sem búa á suðurhluta landsins en tíðin var skárri fyrir norðan. Það rættist þó úr fyrir sunnlendinga í júlí og var hvergi slegið slöku við næstu mánuðina á meðan sumarsins naut við.

Samkomur og mót voru nokkur talsins og verður gerð grein fyrir þeim á síðum blaðsins ásamt heimsókn ritstjóra til Englands og Wales. Patreksfirðingar lifnuðu úr dvala og endurvöktu Patró International. Annars voru það Kríumótið, Smáskalaflugkoman, Hástartmótið, Stríðsfuglaflugkoma EPE, Piper Cub flugkoman, Flugkoma FMFA á Melgerðismelum og Stórskalaflugkoma EPE sem mest bar á.

Steve Holland og Sharon Stiles heimsóttu okkur einnig í sumar og flugu út um allt land, frá Suðurnesjum og norður í Eyjafjarðarsveit ásamt því að fljúga á þremur samkomum á meðan að þau dvöldu hér.

Hægt er að nálgast tímaritið sem rafrænt niðurhal á vefnum og eru flugmódelmenn hvattir til að dreifa tenglinum áfram til vina og vandamanna ásamt hverjum þeim sem kynni að hafa áhuga og gaman af að fræðast aðeins um áhugamálið okkar!

Slóðin er: <http://frettavefur.net/timarit/>

SVERRIR GUNNLAUGSSON


Ritstjóri

Patrón International 2017

Fámennt en einstaklega góðmennt á Patreksfirði!

Frekar fámennt var á flugkomunni og átti slæm veðurspá eflaust stóran þátt í því máli. Fínasta veður var þó á föstudeginum sem gestirnir nýttu vel til flugs en á laugardegi og sunnudegi var flogið milli skúra.

Svo var að sjálfsögðu litið við í mómelsmiðju þeirra kumpána en hún hafði nýverið tvöfaldast að stærð. Það verður ekki slegið slöku við smíðar á þeim bænum á næstunni!



Hausinn var fastur á þegar hann lagði af stað út á flugvöll, þvottabretti hvað!?

Smáskalaflugkoman

LJÓSMYNDIR: GUÐNI SIGURJÓNSSON

Þeim fjölga með hverju árinu!

Smáskalaflugkoman var á sínum stað og þrátt fyrir kulda og smá blástur var fínasta mæting á hana og skemmtu viðstaddir sér vel.

Þrátt fyrir að minnstu flugmódel landsins væru á ferðinni varð sá fáheyrði atburður að tvær vélar rákust á hvor aðra í loftinu. Þrátt fyrir að önnur þeirra hafi misst næstum hálf tæðarstýrið þá komu þær báðar heilar niður.



Kríumótið


Kríumótið 2017 var haldið á Sandskeiði þann 25.júní 2017, í bongóblíðu. Það var þó enn blautt á nokkrum stöðum sem takmarkaði að vissu leyti mögulegar staðsetningar fyrir keppnisstað.

En við létum þó duga það sem í boði var en ekki náðist að ljúka hraðafluginu þar sem vindar urðu óhagstæðir þegar leið á daginn og engin leið var að breyta brautinni þar sem við hefðum þá ruðst inn á flugbrautina sem sviffflugfélagið var að nota. Erlingur vann þetta á algjörlega á tímaflugunum sem voru mjög góð hjá honum. Guðjón var þó sá eini sem náði 6 mínútna markinu.



Keppendur sátir eftir góðan dag

Sæti	Keppandi	Stig
1.	Erlingur Erlingsson	2.000
2.	Guðjón Halldórsson	1.722
3.	Jón V. Pétursson	1.607
4.	Sverrir Gunnlaugsson	1.417
5.	Frímánn V. Frímánnsson	1.415
6.	Steinþór Agnarsson	1.176
7.	Rafn Thorarensen	859



Hástartsmótið

LJÓSMYNDIR & TEXTI: GUÐJÓN HALLDÓRSSON

Hástartsmótið var haldið 9. júlí á Sandskeiði.

Mótið gekk hratt fyrir sig, vindur var allan tímann hægur að NNA og ekkert flakk með spilið. Lofthiti var lítið og bara skítakuldi þegar dró fyrir sólu.

Lítið bar á uppstreyminu en þó flaug Erlingur tímaflug upp á 5 mínútur og 53 sekúndur á meðan Jón flaug 5 mínútur og 17 sekúndur. Stysta tímaflugið var 1 mínúta og 36 sekúndur. Besti tími í hraðafluginu var 22,11 sekúndur.

Sæti	Keppandi	Stig
1.	Jón V. Pétursson	3.920
2.	Frímenn V. Frímennsson	3.583
3.	Erlingur Erlingsson	3.386
4.	Guðjón Halldórsson	3.133
5.	Steinþór Agnarsson	2.167
6.	Böðvar Guðmundsson	721





Hver hefði trúað því að hún sé úr frauðplasti!?

Óhætt er að segja að veðurguðirnir hafi brosað sínu blíðasta á flugkomunni, sól, léttur vindur fram eftir degi og hitinn rétt undir 20°C. Gestir komu frá Akureyri, Noregi og Patreksfirði ásamt heimamönnum af SV horninu úr Þyt og Flugmóðelfélagi Suðurnesja.

Stríðsfuglar úr fyrri heimsstyrjöld voru áberandi fjölmennastir á svæðinu en einnig sáust nýmóðins hertól eins og F-35 fljúga um loftin blá. Allt flug gekk vel fyrir sig og skiluðu allar vélarnar sér heilar heim þó örfáar væru með smá grasgrænu á sér eftir útivist dagsins.

Heyrst hefur að vel hafi gengið á birgðir flugmódelmanna af sólarvörn og munu Aloa Vera birgðir þeirra vera á þrotum.



STRÍÐSFUGLAFLUGKOMA EPE



Flugkoma FMFA

Hin árlega flugkoma Flugmóðelfélags Akureyrar á Melgerðismelum var á sínum stað í frábæru veðri og var fínasta mæting, gamlir meistarar létu sjá sig á svæðinu sem aldrei fyrr.

Ekki skemmdi fyrir að Steve Holland og Sharon Stiles höfðu ákveðið að koma í heimsókn og voru á svæðinu með

stóran flugflota.

Flug hófst snemma dags og stóð linnulaust yfir fram að ljúffengum grillmat í Hyrnu, sem Bendi grillaði ofan í viðstadda, og eftir hann héldu þeir allra hörðustu áfram og flugu inn í kvöldið. Vöflurnar voru að sjálfsögðu á sínum stað en að auki var boðið upp á pylsur sem



marginir nýttu sér. Flugíð gekk að mestu vel en þó þurfti að horfa á bak einni vél sem átti ótímabært stefnumót við Móður Jörð.

Að sjálfsögðu var „bein“ útsending frá herlegheitunum á Fréttavefnum og er hægt að sjá hikmynd frá deginum á YouTube.



Heimamenn spá og spauglera



Í einum af sínum síðustu ferðum





BMFA Björninn skelti sér í túr á Bergfalke



Gunnar að stilla beinu útsendingu Fréttavefsins



Árið er...



Heldur doktorinn að hann sé í Svíþjóð?



Formaðurinn var á truflanaveiðum



Þotuöldin hófst hjá FMS





Gunni fór á skeljarnar



En kynntist svo ástinni sinni



Túrbó Krummi



Sjá svar á bls. 24

STÓRSKALAFLUGKOMA EPE

Geggjað veður, þannig er deginum best lýst!

Alveg frá því snemma um morguninn og svo þangað til síðustu flugmenn yfirgáfu svæðið rétt fyrir kl. 20 var því lík veðurblíða að elstu menn muna ekki annað eins. Sól skein glatt meiri hluta tímans, hitinn að nálgast 20°C og mikið flogið!

Dagurinn gekk stóráfallalaust fyrir sig en þó má búast við að einhverjir ákafir flugmenn hafi fengið vægan sólbruna í blíðu dagsins. Steve og Sharon skemmtu sér vel og hafðu Steve nóg að gera við að fljúga flugmódelum innfæddra.



Einar Páll með fyrsta stórskalamódelið sitt, í dag á Einar Ásgeir það.

Tvær Wilgur að norðan komu sérferð í bæinn og var frumflogið, jafnvel þó einungis önnur þeirra hafi komið með vængrörrið með sér, þá skiptust menn bara á að fljúga með þetta eina rör. Bræðralag og kærleikur þar á ferð eins og þeirra er von og vísa.

Fjarkinn hóf sig aftur til flugs eftir árs hvíld og hefur aldrei liðið betur út heldur en í blíðu dagsins. Staggerwing hóf sig líka til flugs eftir fimm ára hvíld og þrátt fyrir smá auka viðgerð í byrjun þá hefur henni aldrei liðið betur!

Frábær dagur!



Wilga-n hans Benda



Steinþór fékk góðan drátt!



Stampe í eigu Sharon, svona vél bættist í íslenska flugflotann í nóvember



BMFA Björninn flaug í nokkrum flugmódelum



Wilga-n hans Finns

Staggerwing er alltaf stórglæsileg og ekki skemmir hljóðið frá stjörnumótornum fyrir!

Fyrri stríðs vélamar bíða klárar eftir útkalli



Piper Cub flugkoman

Hin árlega Piper Cub flugkoma var haldin á Hamranesi 9. ágúst að viðstöddu fjölmenni. Íslandsvinurinn Steve Holland var kominn alla leiðina frá Bretlandi til að fljúga með okkur. Fjöldmargir Piper Cub-ar flugu um loftin blá og Steve var með Fairchild Argus dulbúna sem Piper Cub, hún var alla vega gul að neðan! Flugkoman gekk áfallalaust fyrir sig og var veðurblíðan slík að elstu menn muna ekki annað eins.



Pétur Hjálmaðsson, Cub pabbi gerir klárt



Skrýtinn „Cub“ sem Steve kom með



Hilly B er sérstök vél hönnuð af Steve fyrir Sharon



Hangið í Englandi

Þegar Steve var í heimsókn nú í sumar þá fórum við að tala saman um hangflug á milli flugtoga. Eitt leiddi af öðru og þar sem ég átti leið um England á svipuðum tíma og árleg hangflugkoma var haldin í Wales varð það úr að ég breytti flugmiðanum

örlítið og notaði tækifærið til að skella mér í heimsókn til Steve og félaga.

Áður en við kíktum upp til Wales eyddum við góðum hluta úr degi á White Sheet hæð sem er sunnan við Bath og flugum þar í frábærum skilyrðum.



Hell's Mouth

Klukkan 5 að morgni var lagt af stað keyrandi til norðurhluta Wales en áfangastaðurinn var Pwllheli (borið fram petellý). Eftir um 5 tíma keyrslu komumst við á leiðarenda en við gistum á frístundasvæði við Penrhos, sennilega með skárri nöfnum á svæðinu, en þarna mátti finna tungubrjóta eins og Rhyd-y-clafdy, Efailnewydd og Llanystumdwy svo fátt eitt sé nefnt.

Vindáttin var rétt fyrir flugsvæði sem er kallað Hell's Mouth svo við drifum okkur þangað en eins og sjá má á myndunum þá vorum við ekki þeir einu sem vorum í fluggír á þessum slóðum. Svo var mikið flogið fram eftir degi.



Um 40 flugmenn voru mættir í brekkuna



Slingsby Swallow, eitt af flugmódelunum sem notuð voru í 2012 jólaþættinum af Toy Stories sem nefndist „Flight Club“, kynnir James May úr Top Gear.



Pólsk sviffuga, SZD-20X Wampir II.



Módel eða ...









BMFA Björninn flaug víða á árinu!



